

Æskulýðsfylkingin á Akureyri

2024/24

Æskulýðsfylkingin á Akureyri var stofnuð í nóvember 1938, stuttu eftir að Æskulýðsfylkingin var stofnuð.

Æskulýðsfylkingin varð til þegar að ungir sósíalistar sem tilheyrðu Sambandi ungra jafnaðarmanna og Sambandi ungra kommúnista sameinuðust á æskulýðsþingi sem var haldið í Reykjavík í nóvember 1938. Höfðu þessi sambönd, þrátt fyrir lítinn skoðanamun, barist á banaspjótum en þennan dag ríkti eining um sameiningu og voru lög og stefnuskrá samin á fundinum fyrir hið nýja samband. Samtímis var hvatt til þess að stofnaðar yrðu æskulýðsfylkingar um allt land þar sem áhugi væri fyrir og hægt að koma því við. Áttu þær að heita eftir bæjunum þar sem þær voru stofnaðar t.d. Æskulýðsfylkingin á Ísafirði, á Akureyri o.s.frv.

Æskulýðsfylkingin gaf út blaðið Landneminn sem var mál gagn þeirra.

Æskulýðsfylkingin á Akureyri var með málfundahóp, sem hóf starfsemi 1947 og leshring frá 1948.

Fylkingin hélt reglulega fundi þar voru flutt ýmskonar fræðsluerindi m.a. um Marx og kjarnann í kenningum marxisma. Einnig voru fundir um allskonar málefni t.d. bæjarmál og fundir þar sem var teflt.

Æskulýðsfylkingin á Akureyri hélt uppi öflugu félagsstarfi sérstaklega á sjötta áratugnum og var með árshátíðir og kaffikvöld þar sem sýndar voru kvikmyndir og allskonar skemmtiatriði.

Hún virðist hafa lognast út af einhverntíman snemma á sjöunda áratugnum.

Afhendingin barst frá Ingimari Jónssyni. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er 2013/46

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

26. mars 2024

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. AskjaÖrkTímabilEfni

2024 / 24

A-Æskulýðsfylkingin á Akureyri

A-Æskulýðsfylkingin á Akureyri

1952 - 1955

A111952 - 1955Fundargerðabók.